



Greinargerð vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir malarnám í Bakka og Skorholti

Steypustöðin – Námur kt. 531093-2409 hefur sótt um starfsleyfi fyrir malarnám í malarnámunni í Bakka og Skorholti sem staðsett er í landi Bakka og Skorholts í Melasveit. GPS hnit aðgangshliðs er 64.404861,-21.935000 Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir umfangi starfseminnar sem þar fer fram.

Staðhættir

Staðháttum í námunni er ítarlega lýst í skýrslu: „Bakka- og Skorholtsnáma – efnistaka Umhverfismatsskýrsla“ sem unnin var af Verkfræðistofunni Eflu og gefin út í janúar 2022. Allir til þess bærir umsagnaraðilar hafa samþykkt niðurstöðu Eflu. Skýrslan fylgir þessari greinargerð.

Í skýrslunni voru metin áhrif framkvæmda í námunni á jarðfræði og jarðmyndanir, landslag og sjónræna þætti og áhrif foks. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða og metinna áhrifa er niðurstaða Eflu að heildaráhrif framkvæmdarinnar eru óveruleg en í því fellst að áhrifin eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðisins og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt þeim fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru staðbundin, að hluta til tímabundin á rekstrartíma en að hluta varanleg og óafturkræf en samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Helstu mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili leggur til felast í að reisa jarðvegsmön við suðurenda efnistökusvæðisins til að draga úr áhrifum á ásýnd og draga úr sandfoki auk þess að vökva svæðið þegar veður er þurr og kalt.

Mynd 1 sýnir fyrirhugað efnistökusvæði.



Mynd 1 Yfirlitsmynd af fyrirhuguðu efnistökusvæði. Gula svæðið markar þann hluta sem enn er óunninn í Bakkanámu og appelsínugula svæðið markar efnistöku á nýju efnistökusvæði, sem er í landi Skorholts. Mynd: Landmælingar Íslands. (Áður birt í umhverfismatsskýrslu Eflu)



Athafnasvæði Bakkanámu er allt í notkun. Svæði þar sem efnistöku er lokið er notað sem lagersvæði fyrir unnið efni. Á jaðri námunnar hefur jarðvegsmon verið rutt upp til að bæta ásýnd og veita skjól og á þann hátt minnka svifryk.


Húsnæði, rotþró og mengunarvarnir

Mynd 2 sýnir staðsetningu fyrirhugaðrar starfsmannaaðstöðu og rotþróar. Starfsmannaaðstaðan mun verða starfsmannagámur með salernisaðstöðu, kaffihorni og geymslu.



Mynd 2 Fyrirhuguð staðsetning starfsmannaaðstöðu og eldsneytistanka

Verkfræðistofan Ferill hannaði útfærslu rotþróar og olíuskilju fyrir malarnámuna í Hólabrú. Sama úrfærsla verður notuð fyrir rotþróna í Bakka- og Skorholtsnámu en ekki er þörf á olíuskilju þar sem ekkert verkstæði verður í námunni. Mynd 3 sýnir lagnir og tengingar frá starfsmannaaðstöðu og verkstæðisbyggingu að rotþró og sand- og olíuskilju.



Mynd 3 Tengingar rotþróar.

Úrfærsla á frágangi rotþróar verður sú sama og sýnd á teikningu 14215-2-02 frá Ferli sem teiknuð var fyrir malarnámuna Hólabrú í Hvalfjarðarsveit en hún fylgir þessari greinargerð.

Í námunni í Bakka og Skorholti er ekki unnið með önnur hættuleg og/eða mengandi efni en dísel olíu sem eldsneyti á vinnuvélar.



Eldsneytistankur

Í námunni er 3000 lítra eldsneytistankur með litaða dísel olíu. Fyrirhuguð staðsetning hans er sýnd á mynd 2.

Efnisvinnslutæki

Efni sem tekið er úr Bakka- og Skorholtsnámu er að mestu leiti mokað á malarflutningabíla sem flytja það í námuna í Hólabrú þar sem það er unnið á hefðbundinn hátt. Hluti efnisins fer í gegnum forbrjót. Enginn þvottur er á efni í námunni.

05.05.2022

Virðingarfyllt